

með, að áfrýjandinn skyldi fá bæinn fyrir þetta verð. Loksins er það með öllu rjett, að á skiptafundi, er haldinn var í búinu 20. janúar 1879, er þess í fyrsta máta getið, að dánarbúið hafi verið virt 245 kr. 10 a., síðan er þess getið, að það hafi verið selt við uppboð 10. sept. 1877 fyrir 219 kr. 20 a., og seinast eru taldar upp skuldir þær, er á því liggi, en út af þessari skýrslu skiptaráðandans um ástand búsins, eins og það var þá, virðist eigi verða leitt, að skiptarjetturinn samþykki eða hefði samþykkt söluna á bænum fyrir 100 krónur.

Með því að áfrýjandinn samkvæmt þessu, er nú hefur verið sagt, ekki hefur getað sannað, að hann hafi verið orðinn eigandi að bænum Vegamótum, áður en hann var seldur að tilhlutun skiptarjettarins í búi Ástu Guðmundsdóttur á uppboðsþingi 9. júní 1879, ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og uppboð. Málskostnaður virðist eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður og uppboð eiga að standa öröskud. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 30. ágústmán.

Nr, 22/1880

Svanborg Grímsdóttir

gegn

Kristjáni Þorgrímssyni

Dómur:

Tildrög þessa máls eru þau, að Svanborg Grímsdóttir ól andvana fætt barn 24. dag ágústmán. 1879. Sagði hún hinn stefnda, Kristján Þorgrímsson, föður að barni þessu, en við það hefur hann eptir skýrslu Svanborgar alls ekki viljað kannast. Útaf þessu höfðaði hún mál á hendur Kristjáni fyrir bæjarþingsrjetti

Reykjavíkurborg og krafðist þess, að hann yrði skyldaður til að greiða sjer hálfan sængurlegukostnað sinn, og hálfan útfararkostnað barnsins, 28 kr., og 5% vexti af þessari upphæð frá 12. janúar þ. á., svo og málskostnað allan, eins og málið ekki hefði verið gjafsóknarmál af hennar hendi. Var kveðinn upp dómur í málinu fyrir nefndum rjötti 29. aprilmán. þ. á. með þeim úrslitum, að hinn stefndi skyldi sýkn af kærur og kröfum stefnanda í þessu máli, Svanborgar Grímsdóttur, en hún greiða honum í málskostnað 4 kr. Málflytningslaun hins skipaða talsmanns hennar, 4 kr., skyldu greiðast úr opinberum sjóði.

Þessum dómi hefur Svanborg Grímsdóttir áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 28. maí þ. á., og hefur hún fengið gjafsókn og sjer settan talsmann; hefur talsmaður hennar krafizt fyrst og fremst, að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða Svanborgu Grímsdóttur 28 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 12. jan. þ. á., þangað til borgað verður, og allan málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi, en til vara, að hann verði dæmdur eins og nú var sagt, ef Svanborg Grímsdóttir treystir sjer til með eiði að stadhæfa, að hinn stefndi sje faðir að hinu andvana fædda barni, sem hún ól 24 ágúst f. á., og loks enn til vara, að hinn stefndi verði dæmdur til að borga ofan tjeða upphæð með vöxtum og málskostnaði, ef hann treystir sjer ekki til sjálfur með eiði að staðfesta, að hann hafi ekki haft holdlegt samræði við Svanborgu Grímsdóttur á þeim tíma, að hann geti verið faðir að nefndu barni. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt að verða dæmdur sýkn af kærur og kröfum áfrýjanda í þessu máli, en áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum rjettum eptir mati yfirdómsins.

Það er nú að vísu svo, að áfrýjandi hefur kennt



hinum stefnda barn það, er hún ól 24. ágúst f. á., en, eins og viðurkennt er af áfrýjanda, hefur hann með öllu neitað faderninu, vg fær yfirdómurinn því ekki sjeð, að aðalkrafa áfrýjanda eigi við nein rök að styðjast, og að því snertir varakröfur áfrýjanda, þá er hvorttveggja, að þær ekki hafa komið fram í hjeraði, enda getur ekki komið til tals að taka þær til greina í þessu máli, sem aðeins er höfðað í hjeraði sem einfalt skulda- eða skað-abótamál, en ekki sem barnsfadernismál.

Fyrir því ber að staðfesta hinn áfrýjaða bæjarþingsdóm, þó þannig, að málskostnaður eptir atvikum falli niður, en um málsfærslulaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda skal honum óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eiga að falla niður. Eptir þessum úrslitum verður hinum skipaða talsmanni áfrýjandans fyrir yfirdómi ekki dæmd nein málflutningslaun.

Að því leyti málið hefur verið gjafsóknarmál bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi vottast, að rekstur þess við undirdóminn og hin skipaða sókn við yfirdóminn hefur verið lögætt.

Því dæmist rjett að vera:

Dómi bæjarþingsins í þessu máli skal óraskað, þó þannig, að málskostnaður falli niður. Landshöfðingjaritara Jóni Jónssyni greiðist 4 kr. í málflutningslaun fyrir undirdómi úr opinberum sjóði. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 13. septbrmán.

Nr. 23/1880

Jón Einarsson

gegn

Halldóri Halldórssyni

Dómur:

Með stefnu til yfirdómsins, dagsettri 28. maímán.